

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 28. nóvember 2023
Málsnúmer: 202309-0039
IAS

Efni: Tillaga að deiliskipulagi, Mosar, Emstruskáli, Rangárþing eystra

Vísað er til erindis frá Rangárþingi eystra, dagsett 25. september, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Emstruskála, Mosa í Rangárþingi eystra.

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF22. Um er að ræða skálasvæði þar sem heimild er fyrir gistingu fyrir allt að 20 manns. Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta landnotkun svæðisins og marka stefnu um uppbyggingu til framtíðar. Skipulagssvæðið er um 1,8 ha að stærð. Stofnaðar verða tvær lóðir, önnur fyrir skála og hin fyrir hesthús og skilgreindir tveir byggingarreitir, einn innan hvorrar lóðar. Heimilt verður að byggja allt að 100 m² skála og 25 m² skálavarðahús/geymslu á annarri lóðinni og að viðhalda núverandi hesthúsi og/eða byggja nýtt, allt að 80 m² á hinni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Deiliskipulagssvæðið er innan svæðis 761 á náttúruminjaskrá þar sem segir: „Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.“ Þetta þarf að koma fram í: „Töflu 3. Umhverfispættir og helstu matsspurningar.“ Þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá er ekki rétt að segja að engar þekktar náttúru- eða menningarminjar séu á svæðinu.

Ekki kemur fram hvað gert verður við núverandi skála, þ.e. hvort fyrirhugað er að rífa hann eða gera endurbætur á honum. Mikilvægt er að nýjar byggingar, sem og önnur mannvirki, rýri ekki ásýnd og þar með verndargildi svæðisins.

Á loftmyndum sést að suðvestan við skipulagssvæðið er lúpína farin að dreifa sér, best væri ef hægt væri að útrýma henni eða a.m.k. koma í veg fyrir að hún dreifi sér frekar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

